



Fréttablað

MAÍ 2003 • 3. TÖLUBLAÐ • 8. ÁRGANGUR



Níu af hverjum tíu ánægðir

Bls. 4

Aðalheiður

Bls. 10

Rætur

Bls. 18

Góður starfsandi

Bls. 26

Höldum áfram að berjast

Bls. 32

Með krökkum í MS

Bls. 40

Velkomin

Góð þjónusta á sanngjörnu verði

Hótel Edda býður upp á gistingu jafnt í uppþúnum rúmum sem svefnpokaplássi.



- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1 Hótel Edda ML | 9 Hótel Edda Stóru-Tjarnir |
| 2 Hótel Edda ÍKÍ | 10 Hótel Edda Akureyri |
| 3 Hótel Edda Skógar | 11 Hótel Edda Húnavellir |
| 4 Hótel Edda Vík | 12 Hótel Edda Laugarbakki |
| 5 Hótel Edda Nesjaskóli | 13 Hótel Edda Núpur |
| 6 Hótel Edda Neskaupstaður | 14 Hótel Edda Laugar |
| 7 Hótel Edda Egilsstaðir | 15 Hótel Edda Hellissandur |
| 8 Hótel Edda Eiðar | |



Útgefandi:	Efling-stéttarfélag Sæturni 1
Ábyrgðarmaður	Sigurður Bessason
Ritstjóri	Práinn Hallgrímsson
Blaðamaður	Róbert Ágústsson
Ritstjórn	Garðar Vilhjálmsson Guðmundur Þ. Jónsson Sigurður Bessason Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Starfsmenn á skrifstofu	Elva Tryggvadóttir Fjóla Jónsdóttir Garðar Vilhjálmsson Guðmundur Þ. Jónsson Guðrún Kr. Óladóttir Hildur Kjartansdóttir Hjálmarfríður Þórðardóttir Hjördis Baldursdóttir Hjördis Þorsteinsdóttir Hulda Hafsteinsdóttir Ingunn Þorsteinsdóttir Kristjana Valgeirsdóttir Margrét Davíðsdóttir Sigurður Bessason Sigurlaug Gröndal Sveinn Ingvason Tryggvi Marteinsson Viktória Jensdóttir Þórdís Andrésdóttir Þórir Guðjónsson Þórunn Sveinbjörnsdóttir Práinn Hallgrímsson
Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta	Björk Stefánsdóttir Elin Baldursdóttir Hallsteinn Friðbjófsen Jóna Vigdís Kristinsdóttir
Starfsafl	Marianna Traustadóttir
Útlit og umbrot	Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa
Prentun og bókband	Oddi hf.
Auglýsingar	Hæfir sf
Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu	Róbert Ágústsson
Forsíðumynd	
Aðsetur	Efling-stéttarfélag Sæturni 1 sími 510 7500/fax 510 7501
Úthlutunarnefnd	
Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu- dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn- ing viðkomandi.	
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511	

Ábyrgð og raunsæi

Nú þegar örfáir dagar eru til alþingiskosninga hafa stjórnámálamenn keppt við að gera okkur kjósendum grein fyrir lofordum um skattalækkanir, bætt lífsskjör, aukinn kaupmátt og réttlátara samfélag. Allir hafa þeir gefið okkur von um að bætt tíð sé handan við hornið - aðeins ef við kjósum þá.

Nú er það okkar að staldra við og líta undir yfirborð umræðunnar. Hversu ábyrg eru kosningaloforðin og hversu mikið er raunsæi stjórnámálamanna bak við fyrirheit þeirra og góð áform.

Fyrir rúmlega 10 árum þurfti verkalyðshreyfingin ásamt öðrum samtökum á vinnumarkaði að koma þjóðfélaginu til bjargar þegar stjórnámálamenn höfðu misst öll tök áratugina á undan. Launafólk og samtök þess tóku höndum saman við atvinnurekendur og stjórnámálamenn um að koma á stöðugleika í efnahagsmálum. Síðan höfum við smátt og smátt byggt upp kaupmátt í landinu.

Við skulum ekki gleyma því að það voru forystumenn launafólks og atvinnurekenda sem lögðu grunn að hagsæld tíunda áratugarins. Hinsvegar erum við ekki fyllilega sátt við hvernig farið hefur verið með það svigrúm sem myndast hefur til kjara- og réttindabóta á síðasta áratug.

Alþýðusamband Íslands hefur nú lagt fram viðtækar tillögur um endurreisn velferðarkerfisins. Öllum er ljóst, jafnt foringjum í stjórnámálum sem á vinnumarkaði að öryggisnet velferðar er orðið allt of gisið og tryggir ekki lágmarks afkomu veikustu hópanna í þjóðfélaginu.

Álögur á fólk, hvort heldur er í heilbrigðiskerfinu eða menntakerfinu hafa aukist og ýtt undir stéttarskiptingu; ekki bara efnahagslega heldur einnig stéttaskiptingu byggða á mismunun milli þeirra og barna þeirra sem hafa tækifæri til að læra og auka þekking sína og hinna sem eiga ekki sömu kosti. Við höfum horft upp á atvinnuleysisbætur dragast verulega aftur úr lágmarksalaunum. Margt bendir til að sár fátækt ákveðinna hópa fari vaxandi í samfélaginu.

Það er kominn tími til aðgerða. Aðgerðir kosta fé. Hér er um forgangsmál að ræða sem á að vera útgangspunktur í allri umræðu um skattamál. Það er jafnljóst að hægt er að taka til í skattakerfinu, létta skattbyrðina hjá ungu barnafólki, lágtekju og meðaltekjufólki en herða á hjá þeim sem betur mega sín. Lausnin liggur ekki í ábyrgðarlausum fyrirheitum um lækkaða skatta fyrir alla, aukna þjónustu fyrir alla - allt fyrir alla.

Launafólk vill ekki ábyrgðarlausu umræðu. Við köllum eftir raunsæi.

Við viljum réttlátt samfélag þar sem launafólk þarf ekki að veigra sér við að fara til læknis vegna kostnaðar; við viljum menntakerfi þar sem börnum okkar er ekki mismunað eftir buddunni okkar. Við viljum sanngjarna skatta til að greiða fyrir þetta, skatta þar sem þeir greiða meira sem hafa meira og minna sem hafa minna. Við viljum traust og þéttið velferðarkerfi þar sem allir einstaklingar samfélagsins, börn sem fullorðnir, fá notið sín og allir einstaklingar eiga sín tækifæri. En umfram allt viljum við ekki innantóm og ábyrgðarlaus loforð stjórnámálamanna rétt fyrir kosningar.

Þetta þarf launafólk að hafa í huga á kjördag.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar

EFNISYFIRLIT

Nú af tíu ánægðir	4	Ferðaávisanir	29
Hvað viltu 1. maí	6	Árangur auglýsir	30
Aðalheiður	10	1'st of May greetings	31
Hvað má mynda	14	Höldum áfram að berjast	32
Tillögur um atvinnuleysisbætur	16	Endurvekjum kraftinn	33
Við lífum þetta sterkt	18	Frábært framlag	34
Ekki gert að greiða tjón	22	Ferðir	38
Hver greiðir auglýsingafárið	24	Með krökkum í MS	40
Jarðlagnotækna	25	Heilsuefling	41
Góður starfsandi	26		



Eflingarfélagar í Gallupkönnun

Níu af tíu ánægðir með þjónustuna

Yfir 60% hafa sótt nám eða námskeið á tveim árum

Í glænýrri skoðanakönnun sem Starfsgreinasamband Íslands hefur látið Gallup framkvæma m.a. fyrir Eflingu - stéttarfélag, koma ýmsar ánægjulegar niðurstöður fram um afstöðu félagsmanna gagnvart félaginu. Þessar nýju upplýsingar staðfesta fyrri viðhorf sem fram hafa komið í könnunum á vegum Gallup að félagsmenn eru almennt ánægðir með þjónustu Eflingar.

Í könnuninni kemur m.a. fram að á síðastliðnum tveim árum hafi u.þ.b. helmingur félagsmanna nýtt sér þjónustu félagsins beint, þ.e. með því að koma, hringja eða vera í tölvu- póstsambandi við félagið. Þetta þýðir að af um 17.000 félagsmönnum Eflingar hafi um 8.500 félagsmenn verið í sambandi við skrifstofuna með einum eða öðrum hætti. Af þessum hóp eru um 90% ánægð með þjónustuna.

Þá er það merkileg staðreynd að um 80% félagsmanna telja að fræðsla og menntun skili sér beint í bættum kjörum, en menntamál eru orðin grundvallar þáttur í starfi Eflingar - stéttarfélags. Það er ennfremur skemmtileg staðreynd að 61% Eflingarfélaga hafa sótt sér nám eða námskeið á síðastliðnum tveim árum og stór hluti þeirra nýtti sér starfsmenntasjóði félagsins. Það má því með réttu segja að Eflingarfélagar séu stöðugt að auka hæfni sína og þekkingu, og auka þannig möguleika sína á síbreytilegum vinnumarkaði.

Nánar verður gerð grein fyrir könnuninni á

næstunni og niðurstöður hennar verða m.a. nýttar í undirbúningi næstu kjarasamninga.



Hrefna Magnúsdóttir

Nýr trúnaðarmaður í Aflagrandu

Hrefna Magnúsdóttir kosin

Nýlega fór fram kosning trúnaðarmanns fyrir heimaþjónustuna og eldhúsið í Aflagrandu. Hrefna Magnúsdóttir var kosin og leiðréttest um leið villa í síðasta blaði þar sem hún var var rangnefnd. Beðið er velvirðingar á þessum mistökum.

GÓÐ BLANDA...

...af hollustu og hamingju gerir lífið ánægjulegt.

Byrjaðu daginn vel og láttu réttu blönduna vera hluta af góðri morgunstund.



Blandan fæst í 1l og 250ml handhægum fernum. Einnig fæst Blandan kalkbætt í 250 ml fernum. Kalkbætta Blandan hentar öllum þeim sem vilja neyta meira kalks og einnig þeim sem ekki geta neytt mjólkurafurða en þurfa kalk.

100% hreinn appelsínusafi

Hvað viltu segja um 1.maí?



Ingibjörg Reykdal

Fréttablað Eflingar fór á nokkra vinnustaði og ræddi við starfsfólk og félagsmenn Eflingar um baráttudag verkafólks 1. maí. Svör þeirra

fara hér á eftir en þau vinna á Hrafnistu, í Kassagerðinni, hjá Eimskipum og Leikskólanum Hofi.



Dordan Zogaj

Baráttudagur

Nauðsynlegur sem fyrr

- segir **Ingibjörg Reykdal** leiðbeinandi á leikskólanum Hofi.

Mér finnst hann vera alveg jafn nauðsynlegur núna fyrir verkafólk og hann var á síðustu öld og ég vona að verkafólk haldi áfram að koma saman á þessum degi til að minna á baráttumál sín.

Dordan Zogaj

Gott að koma saman

- segir **Dordan Zogaj** starfsmaður við framleiðslu hjá Kassagerð Reykjavíkur. Hann er frá Kosovo og hefur búið hér í 6 ár.

Það er ágætt fyrir verkafólk að hafa einn frídag á ári, til að koma saman og minna á baráttumál sem eru efst á baugi á hverjum tíma. En ég hef ekki tekið þátt í hátíðarhöldunum sjálfur eftir að ég flutti hingað. Í Kosovo tók ég aftur á móti þátt í að safna í brennu, sem síðan var kveikt í 30. apríl og það var mjög gaman.



Kristinn Pálsson

Baráttudagur

- segir **Kristinn Pálsson** lyftaramaður í kæli-geymslu Eimskips í Sundahöfn.

Hann á alveg rétt á sér sem baráttudagur verkafólks. En því miður hefði ég ekki haft tíma til að taka þátt í honum vegna anna á öðrum vettvangi.

Fínn sem frídagur

- segir **Íris Alda Helgadóttir** starfsmaður í mat-sal á Hrafnistu í Reykjavík.

Hann er fínn sem frídagur og hátíðardagur, en sem baráttudagur hefur hann litla þýðingu fyrir mig.



Íris Alda Helgadóttir

Ungir menn á uppleið

Róbert, ljósmyndarinn okkar, þurfti að reka erindi fyrir blaðið á leikskólanum Hofi og rakst þá á þessa tvo ungu menn þar sem þeir voru búnir að hreiðra vel um sig uppi í stóru tré. Ætli þeir séu að bíða eftir vorin, hugsaði ljós-myndarinn um leið og hann smellti af mynda-vélinni. Hvað heldur þú lesandi góður?

Smelltu á www.efling.is

11,5%




Framsókn: Framtíðarsýn 2

9,4%



Framsókn: Framtíðarsýn 1

8,7%



Kaupþing: Leið 3

6,6%



Landsbankinn: Líf 3

5,9%



Kaupþing: Leið 2

4,3%



Íslandsbanki: Ævisafn 3

3,9%



Búnaðarbankinn: Ávöxtunarleið 1

2,2%



Landsbankinn: Líf 2

Búnaðarbankinn: Ávöxtunarleið 2

-1,8%



Landsbankinn: Líf 1

-1,8%



Íslandsbanki: Ævisafn 2

-5,1%



Kaupþing: Leið 1

-5,3%



Búnaðarbankinn: Ávöxtunarleið 3

-8,3%



Íslandsbanki: Ævisafn 1

-9,5%



Ávöxtun séreignarsjóða 2002

Framsýni borgar sig

**Séreignarsjóðir Framsýnar þola samanburð.
Þeir skiluðu 11,5% og 9,4% ávöxtun á síðasta ári.**

Nýttu þér framlag vinnuveitanda og ríkisins. Byggðu upp lífeyrissjóð sem:
er fjármagnstekju- og eignarskattsfrið • skerðir hvorki barna- né vaxtabætur
er varinn gegn fjárnámi og gjaldþroti • er þinn eigin sjóður og erfist við andlát.

Tryggðu þér meira ráðstöfunarfé
á eftirlaunaárunum og byrjaðu strax að spara.



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Skrifstofa sjóðsins er að Sætúni 1, sími: 515 4700, fax: 515 4701, heimasíða: www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is.
Afgreiðslutími er 8.30 – 16.30. Yfir sumarmánuðina er afgreiðslutími kl. 8 – 16.



Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

Fannst ég vinna göfugt verk

Fyrsta maí minnumst við gjarnan þeirra sem lagt hafa líf sitt og þrek í baráttuna fyrir bættum kjörum og betra lífi. Einn slíkur kyndill var Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélagsins Sóknar.

Aðalheiður var kona stórrar gerðar hvort sem var í meðlæti eða mótlæti. Það var ekkert smátt við hana Aðalheiði. Allt þurfti hún að þola á sjálfri sér sem erfiðast er: Barnsmissi, heilsuleysi, fátækt, atvinnuleysi og erfiðari kjör í uppveiti en flest okkar geta ímyndað sér.

Samt var hún óbuguð, kjarkmikil og áráðin og fylgdi hiklaust skoðunum sínum fast eftir af þrótti og sannfæringu.

1985 kom út hjá Vöku-Helgafelli samtalsbók þeirra Aðalheiðar og Ingu Huldar Hákonardóttur. Heillandi bók sem hægt er að lesa aftur og aftur. Við höfum valið hér tvo stutta kafla, sem í sínum fáu orðum segja þó svo mikið.

Vífilsstaðir

Annan dag maímánaðar 1949 fæddist fyrsti drengurinn okkar og við skírðum hann Hlyn. Telpurnar okkar Steinunn Birna og Ingigerður voru þá að verða þriggja og fjögurra ára.

Ég var ákaflega glöð yfir að hafa eignast son.

Hann var nákvæmlega eins og ég hafði óskað mér að hann myndi verða, svo rór og gerðarlegur, ljóshærður og gráeygur.

Þetta sama vor gekk yfir berklafaraldur í Eyjum. Mánuði eftir að Hlynur fæddist kom í ljós að Anton hafði smitandi berkla. Hann var þá staddur í Reykjavík en fékk rétt að skjótast heim að sækja dótið sitt áður en hann var lagður inn á Vífilsstaðaspítala.


Ég varð óskaplega hrædd, aðallega barnanna vegna, hélt að sjálf væri ég ónæg fyrir sjúkdómnum. Í sveitinni heima hafði ég verið mikið innan um berklasjúklinga.

Það fór þó svo, að um haustið var ég líka orðin sjúklingur á Vífilsstöðum. Ingigerður fór í fóstur til Dagmeyjar, vinkonu minnar, en fyrir Steinunni Birnu hafði ég engan stað, varð að koma henni fyrir á upptökuheimili í Elliða-


Án okkar yrði ekkert barna- né elliheimili starfhæft, enginn spítali né hæli fyrir þroskahefta né nokkur heimilispjónusta.



Lífið er ekki þrautalaust.



ÞRAUTREYNT VERKJALYF



Notkunarsvið: Parasetóli inniheldur parasetamól sem er verkjástíllandi og hitaleikandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tanngrip, bláaverkjum o.fl. Einnig við sótthitta af völdum influensu og annarra umgangspæsta eins og kvefs. Varððarreglur: Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífrásjúkdöma má ekki nota lyfið. Nýma- og lífrásjúklingur er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Óf stór skammtur getur valdið lífrabólgu. Aukaverkanir: Parasetamól veður sjaldan aukaverkunum og þóist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lýsna getur valdið nýrnasmáttum. Skóðantun: Nákvæmar leiðbeiningar um skammtum fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 000100



Marga hildi háði hún Aðalheiður með Ásmundi Stefánssyni, forseta ASÍ.

hvammi skammt frá Elliðavatni við Reykjavík. Sumargamlan drenginn minn þurfti ég að skilja eftir á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Hann hafði tekið berklabakteríuna. Talin var hætta á að hún færi í höfuðið á honum og var þá ólíklegt að hann héldi lífi.

Er aðhlyning við aldraða skítverk ?

Síðasta sumar þegar sem mestur var skorturinn á starfsfólki á dagvistunarstofnunum fyrir börn í Reykjavík, kvartaði reiður faðir yfir því að rosnum konum og unglingum væri hrúgað þangað inn, án þess að þær hefðu nokkra pappíra upp á að þær væru færar um að ala upp börn. Ég hefði þá getað æpt eins og barnsmóðirin á þingpöllum forðum: „Hann meinar mig, hann meinar mig“.

Sóknarkonur eru stundum ungar og óreyndar en oftast komnar um eða yfir miðjan aldur með langt húsmóðurstarf að baki. Án okkar yrði ekkert barna né elliheimili starfhæft, enginn spítali né hæli fyrir þroskahefta né nokkur heimilispjónusta. Í mörg ár höfum við í Sókn verið kjölfestan á dagvistunarstofnunum fyrir

börn, alltaf yfir 60% af starfsliðinu. Á stofnunum fyrir aldraða er hlutfallið víðast hærra.

Félagið okkar Sókn byrjaði sumarið 1934 með tuttugu og sex stúlkum frá fjórum spítölum. Á þeim fimmtíu árum sem síðan eru liðin hafa orðið miklar breytingar. Það er ekki lengur húsmóðirin sem annast aldraða, sjúka og börn innan veggja heimilisins. Ríki og sveitarfélög taka þetta meira og meira á sig. Enda hurfu vinnukonurnar en við í Sókn erum orðnar þrjú þúsund. (1985)


Mér finnst við vinna göfugt verk. Ég get byrjað á mínu gamla starfi, heimilispjónustunni. Upphaf hennar var aðstoð við sængurkonur, sem Helga Níelsdóttir skipulagði. Nú vinna þar fimm hundruð Sóknarfélagar, sumt karlar og reynast vel, við að hlynna að öldruðum og sjúkum. Slíkt starf gerir miklar kröfur um siðgæði og hjartahlýju.

Aðalheiður var formaður Sóknar árin 1976-1987 og setti mikinn svip á kjara-baráttu kvenna.

Heidelberg®



Góðar með salatinu í sumar...



Stóri bróðir vakir yfir okkur

Hvað má mynda á vinnustöðum?

Persónuvernd og réttarstaða trúnaðarmanna

Má fylgjast með starfsmönnum með eftirlitsmyndavélum og eru einhverjar hömlur á því hvernig fylgjast má með ökuritum í flutningabifreiðum? Þessar og líkar spurningar hafa borist til Eflingar á undanförunum mánuðum. Með vaxandi vitund um persónuvernd eru

starfsmenn og trúnaðarmenn á vinnustöðum að glíma í auknum mæli við þær og aðrar í sama dúr. Efling - stéttarfélag stóð á dögunum fyrir dagsnámskeiði fyrir trúnaðarmenn um persónuvernd og réttarstöðu launamanna gagnvart eftirliti atvinnurekenda.



Lögmennirnir Bergþóra Ingólfssdóttir og Elsa Þorkelsdóttir með áhugasömum þátttakendum á námskeiðinu

Tílefni þessa námskeiðs var að ýmsar fyrirspurnir hafa borist Eflingu - stéttarfélagi sem hafa tengst eftirliti atvinnurekenda með félagsmönnum og meðferð þeirra upplýsinga. Þannig hafa t.d. komið fyrirspurnir vegna myndavéla á vinnustöðum, ökuritum í bifreiðum og meðferð tölvupósts.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Elsa Þorkelsdóttir lögfræðingur hjá Persónuvernd og Bergþóra Ingólfssdóttir lögfræðingur sem skrifaði lokaritgerð um persónuvernd launamanna.

Meðal þess sem þær fóru yfir á námskeiðinu eru lög um persónuvernd, markmið þeirra og gildissvið, fjallað er um hugtakið persónuupplýsingar, skyldu til þess að láta hinn skráða vita þegar upplýsinga er aflað frá öðrum, eyðingu gagna og skilyrði rafrænnar vöktunar.



Erna Björk Svavarsdóttir og Ingveldur Kristinsdóttir

Erna Björk Svavarsdóttir, leikskólanum Bakkaborg og Ingveldur Kristinsdóttir, leikskólanum Hofi sögðu, að námskeiðið hefði verið mjög gagnlegt og skemmtilegt og þær væru mun fróðari núna um hvað felst í lögunum um persónuvernd. Okkur er núna ljóst eftir námskeiðið að við eigum rétt á að vita hvað verður um upplýsingar sem veittar eru í atvinnuviðtölum og líka að staðir þar sem eftirlitsmyndavélar eru notaðar eiga að vera vel merktir. Það kom okkur kannski mest á óvart

hvað eftirlitið er orðið mikið í þjóðfélaginu sögðu þær ennfremur.

Efling hefur á liðnum misserum verið að þróa áfram styttri framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeiðum I og II og er þá tekið fyrir ákveðið efni sem brennur á trúnaðarmönnum.

Efling-stéttarfélag mun án efa standa að samskonar námskeiði næsta vetur og verður það auglýst sérstaklega í haustblaði félagsins.

Mikil þátttaka í getraunum blaðsins

Það er hætt að koma starfsmönnum Eflingar á óvart hve lesendur Fréttablaðs Eflingar eru duglegir að lesa blaðið og taka þátt í getraunum, bæði krossgátum og sumargetraun blaðsins. Eins og þessi mynd ber með sér er greinilegt að fjöldi félagsmanna leggur það á sig að liggja yfir þessum þrautum, því talsverður fjöldi lausna er oft réttur. Það er Kristjana Valgeirsdóttir sem lítur hér yfir aðsendar lausnir eftir að tekið hafði verið úr umslögunum.



Smelltu á www.efling.is

Félagsfundur krefur stjórnmalamenn svara

Viljum tillögur um atvinnuleysisbætur

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Félagsfundur Efling-stéttarfélags hvatti á fundi sínum 3. apríl stjórnmalaflokkana til þess að móta þegar í stað tillögur í málefnum atvinnulausra. Atvinnuleysisbætur sem nema 77.000 krónum á mánuði eru engum höðlegar í atvinnuleysi ekki síst þar sem fjöldi atvinnulausra ná ekki fullum bótum. Fundurinn beindi



Sigurður Bessason

því til stjórnmalaflokkanna að þeir svari því hvaða úrlausnum þeir eru tilbúnir að standa fyrir og hvenær þær tillögur komi til framkvæmda. Sigurður Bessason, formaður Eflingar sagði á fundinum að Efling hefði allt síðasta ár varað við þessari þróun, en nú væri nauðsynlegt að grípa til allra þeirra aðgerða sem þörf væri á til að komast út úr þessu ástandi.

Sigurður sagði að atvinnuleysi meðal félagsmanna Eflingar hefði verið að aukast allt síðastliðið ár. Í byrjun árs 2002 voru félagsmenn í Eflingu u.p.b. 300 en nú er þessi tala komin upp í um þúsund manns. Félagið varaði við þessari þróun snemma á síðasta ári bæði með forystugreinum í Eflingarblaðinu og með ályktunum um atvinnuleysi og atvinnumál.

Við höfum hvatt fyrirtæki til þess að fara sér hægur í uppsögnum því margfeldisáhrifin séu miklu meiri en menn geri sér almennt grein fyrir. Það er ljóst að þegar yfir 6000 manns er orðnir atvinnulausir þá endurspeglast samdráttur í kjörum yfir í samdrátt í iðnaðinum og verslun sem leiðir til frekari uppsagna, sagði hann.

Við höfum bent á að of lítið af þessu opinbera fjárframlagi sé ætlað inn á höfuðborgarsvæðið og hinsvegar sé lítið lítið til kvenna í þessum verkefnum.

Við þurfum einnig að gæta þess að við lendum ekki í sömu stöðu og áður, að við lendum ekki í ofþenslu. Langtímaáhrif álvers eru hverfandi og því er mikilvægt að horfa til annarra tækifæra þegar störfum við virkjanaf framkvæmdir lýkur.

Atvinnuleysisbætur eru allt of lágar en þær voru slitnar úr tengslum við laun 1996 og síðan þá sigið stöðugt á ógæfuhliðina, sagði Sigurður Bessason.

ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...



- Láttu setja sumardekkinn á aukafelgur.
- Það sparar þér umfelgun tvisvar á ári!
- Það fer betur með dekkinn.
- Þú lendir ekki í örtröð dekkjaverkstæðanna.

VERTU HAGSÝNN Í ÁR!

Mikið úrval af góðum notuðum sumardekkjum einnig low profile dekk 16" 17" 18"

Seljum einnig:

- Sólada hjólbarða
- Nýja hjólbarða

Kynntu þér málið og sparðu útgjöldin. Við gerum þér gott tilboð.

Eigum mikið af notuðum felgum á margar gerdir bifreiða.

Það margborgar sig að eiga dekkinn tilbúin á felgum.





Margt fer öðru vísi en ætlað er.
Friðþjófur ætlaði sannarlega að eiga
náðuga daga í gestamóttökunni
á sveitahóтели systur sinnar.
Það reynist hins vegar mjög erfitt.
Með tvenn hjón – í vitlausum rúmum!

"Friðþjófur minn, er nokkuð að?"



Í tilefni af frídegi verkafólks:

TILBOÐ 30. APRÍL

OG 1. MAÍ

kr. 1.800

Pantaðu strax
í síma 568 8000

Öfugu uppí megin

eftir Derek Benfield

Þau leika við hvem sinn fingur:
Eggert Þorleifsson
Björn Ingi Hilmarsson
Ellert A. Ingimundarson
Jóhanna Vigdís Arnardóttir
Sigrún Edda Björnsdóttir
Leikstjóri: María Sigurðardóttir

**Hressandi sumarsmellur
í Borgarleikhúsinu!**

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur

Miðasala 568 8000



Guðmundur Þorsteinsson og Benedikta Þorsteinsson

Rætt um lífið á Íslandi og Grænlandi, ræturnar og það sem tengir þjóðirnar

Við lifum þetta sterkt í gegnum börnin okkar

- segja þau Guðmundur og Benedikta Þorsteinsson

Það var rok og rigning þennan þriðjudag þegar blaðamaður Eflingarblaðsins hitti þau Guðmund Þorsteinsson og Benediktu Þorsteinsson á kaffistofu Norræna hússins í Reykjavík. Tilvalinn staður til að spjalla saman þar, því þau hjónin Benedikta og Guðmundur eru fulltrúar fyrir tvo norræna menningarheima þ.e. hún er frá Grænlandi en hann er frá Íslandi. Tilefnið var það að Guðmundur hafði komið við á skrifstofu Eflingar þar sem hann sótti um inngöngu í félagið að nýju en hann var á sínum tíma ungur eldhugi í Verkamannafélaginu Dagsbrún. Hann stóð þar framarlega í flokki í baráttu fyrir bættum kjörum þegar hann starfaði í álverinu í Straumsvík. Þau hafa frá ýmsu að segja og við spyrjum þau fyrst hvernig þau kynntust.

Við kynntumst í Kaupmannahöfn haustið 1970 segja þau bæði í kór og var greinilegt að í minningunni var eins og þetta hefði gerst í gær. Guðmundur starfaði þá á Íslandsbryggjunni í Kaupmannahöfn en Benedikta var í háskólanámi.

Ég man að ég skrifaði mömmu bréf þar sem ég sagði henni að ég hefði kynnst grænlenksri stúlku og að ég ætlaði að giftast henni, segir Guðmundur og brosir.

Fljótlega eftir að þau kynntust fóru þau til Íslands og síðan hófst flakk á milli Grænlands og Íslands. Árið 1974 ákváðu þau síðan að flytja til Grænlands. Þá voru börnin orðin tvö segir Benedikta og síðan bættust tvö við þannig að samtals eigum við fjögur börn, þrjú barnabörn og eitt á leiðinni. Elstu börnin þ.e. telpurnar okkar tvær búa í Grænlandi en yngstu börnin, drengirnir okkar, búa hér.

Ráðherra í heimastjórninni

Guðmundur og Benedikta bjuggu fyrst í Suður Grænlandi í bæ sem heitir Qaqortoq og þar störfuðu þau við ýmislegt. Guðmundur starfaði fyrst hjá trefjaplastverksmiðju síðan var hann umsjónarmaður íbúðarhverfis, lager-

Á Íslandi ráða Íslendingar öllu sjálfir og það er meginmunurinn



stjóri í sítunarverksmiðju, starfsmaður í verslunarskóla og gegndi fleiri störfum.

Benedikta var að vinna á fræðsluskrifstofu að ýmsum þróunarverkefnum, síðan hjá Húsnæðismálastofnun. Eftir það fór hún í framboð til landstjórnar en náði ekki kjöri. Hún skipti þá um vinnu og fór að kenna á námskeiðum fyrir verkafólk líkt og við þekkjum hjá MFA. Seinna fór ég í framboð fyrir bæjarstjórnarkosningar og þá náði ég kjöri og þar með var ég komin á fullt í pólitíkina, segir Benedikta. Síðan bauðst henni vinna við verslunarskóla og kenndi þar í nokkur ár með pólitíkinni. Ég var orðin ansi virk í félagsmálum á þessum tíma formaður félagsmálanefndar, starfaði í miðstjórn ráðandi flokks og þannig atvikaðist það að mér var boðin ráðherrastaða í grænlenku heimastjórninni, segir hún.

Ráðherra og heimavinnandi húsaðir

Pegar Benediktu bauðst ráðherrastaðan urðu þau að flytja til Nuuk og þá var Guðmundur heimavinnandi um tíma. Síðan var hann framkvæmdastjóri hjá Íslenskum Aðalverktökum sem voru þá að byggja flugvöll og brýr á Grænlandi og þar starfaði hann nánast allveg þangað til þau fluttu til Íslands árið 2000.

Benedikta segir að þetta hafi verið mjög lærdómsríkt og það hafi verið gaman að taka þátt í uppbyggingu í Grænlandi. Hún hefði gjarnan viljað vera lengur í þessu starfi því það var marga sem hún og hennar fólk hafði í hyggju að gera en í pólitíkinni ræður maður ekki alltaf ferðinni, segir hún.

Af því sem mér tókst að ná fram er ég einna stoltust af árangri í málefnum fatlaðra en þar þurfti að vinna að ýmsum málum og mér tókst að koma einu og öðru í gegn, segir hún stolt á svip.

Ísland og Grænland

Hvernig reynsla var það fyrir Guðmund að búa í Grænlandi í samanburði við Ísland?

Ég var fljótur að sjá það út að fyrst stjórnarfarir í Grænlandi er byggt á dönskum hefðum þá kemur það aldrei til með að vera öðruvísi en undir dönskum áhrifum segir Guðmundur. Á Íslandi ráða Íslendingar öllu sjálfir og það er meginmunurinn. Í Grænlandi eiga Grænlandingar sjálfir miklu erfiðara uppdráttar með að fá góðar stöður þar sem krafist er menntunar og reynslu. Danirnir eru í miklu fleiri stjórnunarstöðum enda ráða þeir oftast í þær stöður. Hér fyrr á árum þrátt fyrir að Íslendingar gætu ekki státað af mikilli og góðri menntun í landinu þá var fólki samt treyst fyrir ábyrgðarstöðum. Það er ekki í Grænlandi. Þar skortir á að þjálfu ungt fólk í Grænlandi í gera hlutina sjálft, segir hann.

Grænlandingar eru mjög sjálfstætt og duglegt fólk og ég segi oft að Grænlandingar lifa samkvæmt sinni menningu t.d. í sambandi við mataræðið. Þar ráða árstíðirnar því hvað er á

boðstólnum hverju sinni. Ræturnar eru til staðar og það er synd að þeir fái ekki sjálfir að ráða hlutunum miklu meira en gert er, segir Guðmundur.

Öflug Verkalýðshreyfing

Hvað með verkalýðshreyfinguna í Grænlandi? Er hún öflug?

Já, það held ég að sé óhætt að segja segir Guðmundur. Ég man þó að á fyrstu árunum eftir að við fluttum út lenti ég í því að missa vinnuna og leitaði þá á náðir verkalýðsfélagsins. Þá var mér tjáð að þeir ynnu ekki að einkamálum. Ég held þó að hreyfingin þar sé alltaf að verða öflugri og sterkari alveg eins og hún er að verða hér á landi. Ég sé mikla breytingu hér á landi hvað varðar verkalýðshreyfinguna en ég sakna þess baráttuanda sem ríkti hér á árum áður. Ég held að þrátt fyrir að miklu hafi verið náð fram í tengslum við kjör og réttindi verkafólks þá sé þessi "gamli" baráttuandi ekki ennþá sá sami og hann var og ég upplifði sjálfur. Ég sá breytinguna um leið og ég gekk



Börnin okkar fjögur og eitt barnabarnanna



Inga Dóra og Súsan Ýr, dætur okkar, og dóttir Ingu Dóru, Maja, á skýrmardegi Maju



Mamma mín fyrir framan kosningastofur í Qaqortoq, að styðja dóttur sína



Hreindýrahjörð bróður minns Ole Kristiansen og Stefáns Magnússonar, íslenska hreindýrabóndans á Grænlandi

inn á skrifstofu Eflingar en ég efast ekki um að þar er verið að vinna góða hluti eins og gert var á árum áður í Dagsbrún. Umhverfið er bara öðruvísi.

Er ævintýraljóminn sannur?

Íslendingar hafa ákveðna mynd af Grænlandi og hún er sveipuð ákveðnum ævintýraljóma en er hún sönn?

Já, að mörgu leyti, segir Guðmundur og ég tel mig mjög heppinn að hafa fengið tækifæri til að kynna þessum framandi heimi sem er landfræðilega ekki svo ýkja langt frá okkur. Við lifum þetta mjög sterkt í gegnum börnin okkar. Þau hafa valið að vera Grænlandingar og drengirnir okkar sem búa hér á Íslandi eru fyrst og fremst grænlandingar þótt þeir búi á Íslandi og eru bara stoltir af því.

Hvað með stöðu konunnar í Grænlandi?

Hún er svipuð og hér nema þar hafa konur og karlar sömu laun fyrir sömu vinnu. Það er víst ekki alveg orðið þannig hér, segir Benedikta. Vinnudagurinn er styttri og þar er lítið um yfirvinnu, það er frekar auðvelt að koma börnum fyrir á leikskólum svo konur hafa að mörgu leyti sömu tækifæri og karlar hafa.

En hvað eru þau að fást við á Íslandi í dag?

Ég er í Háskóla Íslands að læra Viðskiptafræði með öllu unga fólkinu, segir Benedikta og brosir. Hún segir að það hafi verið dálítið erfitt að setjast á skólabekk eftir öll þessi ár og það sé jafnframt dálítið skrítið að verða nemandi aftur eftir að hafa verið kennari í mörg ár. Hún segist heppin að þurfa ekki að vinna fulla vinnu með og sennilega þurfi hún að borga Guðmundi þetta til baka þegar hún verður búin með námið, þá geti hann kannski sest á skólabekk.

Auk þess segist hún hafa mikinn áhuga á að auka menningartengsl milli landanna. Hún er formaður Kalak sem er vináttufélag Grænlands og Íslands og þessa dagana er hún m.a. að undirbúa skákmeistaramót í Grænlandi.

Guðmundur starfar hjá Fjölsmiðjunni í Kópavogi sem er vinnusetur fyrir ungt fólk sem stendur á krossgötum. Starfsmenn eru sjö og unga fólkið er nálægt 40 talsins. Þetta er deildarskipt hjá okkur, tölvudeild, hússtjórnardeild, trésmíðadeild, kennsludeild ofl. Ég sé um bílaþvottadeild. Við sjáum um bílaþvott fyrir Toyota umboðið, þrífum alla notaða bíla sem eru að fara í sölu svo það er mikið að gera hjá okkur, segir hann. Þetta er eftir danskri fyrirmynd og Danir hafa heimsótt okkur og finnst mjög gott það sem við erum að gera hér á landi og telja sig geta lært af okkur. Þetta er ekki til í Grænlandi ennþá en það kemur að því, segir Guðmundur og hnippir í eiginkonuna.

Auk vinnunnar hefur Guðmundur mikinn áhuga á handbolta strákarnir þeirra spila handbolta svo þetta eru þeirra ær og kýr. Benedikta hefur mikinn áhuga á tónlist og er ákveðin í að læra að semja tónlist þegar tími gefst til. Svo fer einhver tími í að rækta samskiptin við dæturnar sem búa í Grænlandi og telja þau að með tilkomu netsins sé lífið mun bærilegra en það var áður en það kom til. Bara það að geta fengið sendar myndir af barnabörnunum á netinu auðveldar það að búa fjarri nákomnum ættingjum. Önnur dóttirin er væntanleg til landsins þegar viðtalið á sér stað og það er greinilegt að það er mikil tilhlökkun í hjörtum þeirra beggja.

Þú mátt gjarnan enda viðtalið á því að segja frá því að loksins eftir langa bið ætlar Flugfélag Íslands að fljúga tvisvar í viku til Grænlands í sumar, segja þau að lokum.

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til þess að hætta vða draga úr rykingum. Það inniheldur nikótín sem loasar úr þér þegar þuggið er. Húðgepni í munnum og dragur úr hálsvarfærni þessum þegar rykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í smá, hægt og rólega, til að ynnu þögn rykingaþótt. Skammtur af einstaklingsbundni er ekki meir tyggja fæli en 25 stök á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfð lengur en 1 ár. Kyndið ykkur var loftslænger sem tyggja þakkingum. Deynd þar sem bön heoni ná til né sjá.

Njóttu leiksins, reyklaus!

Dreptu í með Nicotinell!

Nú færðu Nicotinell tyggjó með stökkri
húð utan um mjúkt tyggjóíð sem fæst
með piparmyntu og ávaxtabragði.



Stökk húð utan um
mjúkt nikótín tyggigúmmíð

Nicotinell®

Athyglisverður dómur

Ekki endurkröfu- réttur á starfs- mann vegna tjóns

- segir Karl Ó. Karlsson, hdl.



Karl Ó. Karlsson, hdl.



Nýverið féll athyglisverður dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem höfðað var fyrir tilstilli Eflingar-stéttarfélags fyrir Halldór Gunnlaug Guðmundsson gegn rekstraraðila Domino's.

Málsatvik voru þau að Halldór starfaði við að keyra út pizzur á bifreiðum sem fyrirtækið hafði til umráða. Þegar Halldór var eitt sinn að fara af stað með sendingu varð hann fyrir því óhappi að aka bifreiðinni utan í aðra bifreið Domino's. Óhappið varð þegar hann ók bifreiðinni aftur á bak út úr bílastæði, en við það rakst hún utan í bifreið sem var kyrrstæð við hliðina. Halldór fyllti út tjonstilkynningu og skilaði henni.

Nokkrum dögum síðar var hann kvaddur á fund starfsmannastjóra Domino's þar sem honum var tilkynnt að stjórnendur fyrirtækisins hefðu farið yfir málið. Var honum afhent og gert að rita undir yfirlýsingu sem samin hafði verið af starfsmannastjóra Domino's, þar sem fram kom að hann viðurkenndi að hafa valdið af gáleysi tjóni á bifreiðum fyrirtækisins og að hann samþykkti að þau laun sem að hann ætti inni hjá fyrirtækinu myndu ganga til greiðslu skaðabóta vegna tjóns á afturhurð kyrrstæðu bifreiðarinnar. Kom ennfrems fram í yfirlýsinguinni að Halldór gerði sér fulla grein fyrir þýðingu yfirlýsingarinnar og að hann myndi ekki hafa neinar frekari kröfur á hendur Domino's vegna atviksins eða starfa hans hjá fyrirtækinu.

Leitaði til Eflingar

Halldór leitaði til Eflingar-stéttarfélags í framhaldi af þessu þar sem hann taldi sig hafa verið þvingaðan til þess að rita undir yfirlýsinguuna m.a. með hótun um uppsögn. Af hálfu Eflingar-stéttarfélags var skorað á Domino's að hverfa frá því að draga af launum Halldórs nefndar skaðabætur þar sem slíkt væri óheimilt að lögum. Af hálfu Domino's var því hafnað og bent á að Halldór hefði samþykkt með yfirlýsingu að greiða skaðabæturnar, auk þess sem að þetta væri í samræmi við ákvæði ráðningar-samnings Halldórs og vinnureglur fyrirtækisins, sem væru hluti af ráðningasamningi Halldórs og annarra starfsmanna Domino's.

Ákvæði vinnureglna Domino's sem vitnað var til er svohljóðandi: „Bílstjórar eru persónulega ábyrgir fyrir bílunum. Öll tjón sem rekja má til slæmrar meðferðar eða vítaverðs gáleysis bílstjóra verða dregin af launum hans.“

Héraðsdómur dæmir Halldóri í vil

Í niðurstöðu héraðsdóms var fallist á kröfu Halldórs um að Domino's bæri að endurgreiða þær skaðabætur sem dregnar höfðu verið af launum hans. Byggði dómurinn á því að Domino's hefði ekki tekist að sýna fram á að tjóninu hefði verið valdið af stórfelldu gáleysi. Vísaði dómurinn og til þess að samkvæmt 23. gr. skaðabótalaga væri aðeins unnt að krefja starfsmann um bætur, sem vinnuveitandi hefði

greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, að því marki sem sanngjarnt mætti telja, þegar litið væri til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. skaðabótalaga mætti ekki, áður en tjón yrði, víkja með samningi frá reglu 23. gr. laganna, ef það væri í óhag hinum skaðabótaskylda. Líta yrði svo á að nefndar vinnureglur Domino's væru þess háttar samningur og því bæri að líta fram hjá þeim við úrlausn málsins. Taldi dómurinn að Halldór hefði ritað undir yfirlýsingu í þeirri trú að vinnureglan væri bindandi fyrir hann og einnig þar sem látið hefði verið að því ligga að hann mætti að öðrum kosti búast við brottrekstri. Með hliðsjón af 27. gr. skaðabótalaga og 33. gr. samningalaga, yrði því að líta svo á að Domino's gæti ekki borið fyrir sig að Halldór væri bundinn af því sem kæmi fram í yfirlýsingu hans. Þar sem Domino's hefði ekki sýnt fram á að sanngjarnt væri, með tilliti til þeirra atriða sem getið væri um í 23. gr. skaðabótalaga, að krefja Halldór um greiðslu skaðabóta bæri Domino's að endurgreiða bættar.

Fordæmisgildi

Niðurstaða dómsins er afar athyglisverð og verður að telja að dómurinn hafi fordæmisgildi. Með dóminum er staðfest að 23. gr. skaðabótalaga felur í sér þá meginreglu að almennt séð er ekki um það að ræða að atvinnurekandi eigi endurkröfurétt á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn hefur valdið í starfi sínu. Atvinnurekandi verður að sanna að það sé réttmætt að láta starfsmanninn bera tjónið þegar litið er til sakar starfsmannsins, stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Ýmis sjónarmið geta valdið því að réttmætt getur verið að starfsmaður beri tjón að hluta eða öllu leyti. Of langt mál er að fara nákvæmlega í þau atriði, en nefna má að hér geta varnaðarsjónarmið t.a.m. réttlætt að starfsmaður verði látinn bera tjón, svo sem ef tjóni er valdið af stórfelldu gáleysi svo ekki sé talað um af ásetningi. Einfalt gáleysi er almennt ekki nægilegt. Staða starfsmanns getur skipt máli, t.d. hvort um er að ræða undirmann eða yfirmann eða hvort tjóni er valdið í starfsgrein þar sem tjón eru tíð eða ekki. Tilvísun ákvæðisins til atvika að öðru leyti felur það í sér að ýmis önnur atriði geta komið til skoðunar. Í því sambandi má t.d. horfa til þess hvort vinnuveitandi sé stórt fyrirtækið eða lítið, en ef um stórt fyrirtæki er að ræða kann að vera eðlilegt að líta á kostnað vegna tjóns sem hluta af rekstrar-kostnaði. Ennfremur kann að skipta máli hvort tjóni hafi verið valdið við framkvæmd starfs eða ekki. Fleiri atriði geta komið til skoðunar, en á endanum er það dómstóla að meta hvað skiptir máli.

Dómurinn kemst eins og áður segir að þeirri niðurstöðu að tilvitnað ákvæði í vinnureglum Domino's sé þess eðlis að vikið hafi verið fyrir-

fram frá ákvæði 23. gr. skaðabótalaga. Slíkt er óheimilt skv. 2. mgr. 27. gr. skaðabótalaga og því er ákvæði vinnureglanna að engu hafandi. Niðurstaða þessi hefur áhrif út fyrir þetta mál þar sem fjölmargir eru við sendilstörf hjá Domino's. Starfi menn hjá öðrum fyrirtækjum, sem hafa á móta ákvæði þá gildir hið sama þar.

Félagsmenn haldi vöku sinni

Í tilefni af þessu máli er rétt að beina þeim tilmælum til allra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags að leita strax til félagsins ef þeir verða fyrir því að valda tjóni í starfi, svo unnt sé að fara yfir réttarstöðu viðkomandi. Mikilvægt er að hafa í huga að ekkert tjón er hér undanskilið og ekki skiptir máli hvort tjón bitnar eingöngu á vinnuveitandanum sjálfum eða utan- aðkomandi aðila. Þó svo að í þessu máli hafi verið um að ræða tjón á bifreiðum, þá getur starfsmaður hafa valdið tjóni með öðrum hætti. Í sumum tilvikum geta önnur ákvæði skaðabótalaga beinlínis útilokað að hægt sé að beina kröfu að starfsmanni, t.d. ef ákveðnar tegundir vátrygginga ná til tjónsins. Mikilvægt er ganga ekki til samninga um lyktir mála við vinnuveitanda, fyrr en farið hefur verið yfir málið af hálfu Eflingar-stéttarfélags.

Atvinnurekandi verður að sanna að það sé réttmætt að láta starfsmanninn bera tjónið þegar litið er til sakar starfsmannsins, stöðu starfsmannsins og atvika





Ragnar Ólason, aðaltrúnaðarmaður hjá Reykjavíkurborg, skýrir málin

Starfsfólk ræðir um lífeyrismálin á vinnustaðafundi á Vesturgötu 7

Hver greiðir auglýsingafárið?



Boðað var til vinnustaðafundar á vinnustaðnum Vesturgötu 7 þar sem heimaþjónustan fyrir miðborgina hefur aðsetur. Í vistlegum matsal hittust Eflingarfélagar sem vinna við heimaþjónustu og í eldhúsi og var m.a. á dagskrá að kjósa trúnaðarmann. Fram kom að tvær konur væru tilbúnar til að vera í kjöri og var því ákveðið að hafa skriflega atkvæðagreiðslu sem stóð í nokkra daga eftir fundinn. Niðurstaðan var að Jóhanna S. Pálsdóttir var kjörin trúnaðarmaður.

Því næst var fjallað um séreignarsjóð Framsýnar sem er viðbótar lífeyrissparnaður og höfðu þó nokkrir áhuga fyrir að ganga frá slíkum samningi við séreignarsjóðinn. Margar fyrirspurnir komu vegna mikils auglýsingafárs sem staðið hefur yfir. Hverjir borga og hvað er svo satt í þessum auglýsingum. Bjarney Sigurðardóttir frá Framsýn svaraði spurningum og upplýsti fundarmenn.

Að þessu loknu fjallaði Ragnar Ólason um starfsmatið hjá Reykjavíkurborg og hvernig það gengi og svaraði hann einnig mörgum spurningum. Þórunn fór yfir starfsmenntasjóð Reykjavíkurborgar og Eflingar og hvatti fólk til að nýta þessa nýju möguleika sem hann gefur. Að lokum var fjallað um námsleiðir til félagsliða og hvernig hægt er að fá nám metið.

Í fimmta sinn

Jarðlagnatæknar útskrifast

Kennt í fjarnámi í fyrsta sinn



Föngulegur hópur jarðlagnatækna við útskriftina


Það var glæsilegur hópur starfsmanna veitufyrirtækja, símafyrirtækja og jarðvinnuverktaka sem útskrifaðist sem jarðlagnatæknar föstudaginn 28. mars s.l. Hópurinn sem taldi 30 einstaklinga hefur frá áramótum lokið 300 stunda námi í starfsgrein sinni sem tekur á öllu því sem tengist jarðlögnum hvort sem um er að ræða rafmagn, síma eða vatnslagnir.

Allt frá árinu 1998 þegar Efling-stéttarfélag, Samorka (samtök orku og veitufyrirtækja) og MFA settu jarðlagnatækninámið af stað hafa 90 manns útskrifast sem jarðlagnatæknar.

Þetta var fimmti útskriftarhópurinn sem útskrifaðist nú og í fyrsta sinn var einnig boðið uppá námið á landsbyggðinni með fjarfundarbúnaði. Þannig voru nemendur frá Sauðárkróki, Akureyri og frá Egilstöðum sem útskrifuðust með Eflingarfélögum í þetta skipti.

Við óskum nýútskrifuðum jarðlagnatæknum til hamingju með áfangann. Meðfylgjandi myndir voru teknar við útskriftina sem fór fram í Gvendarbrunnum í boði Orkuveitu Reykjavíkur.

Símon G. Ólafsson, Eflingarfélagi og starfsmaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur, flutti ræðu fyrir hönd útskriftarhópsins. Hann fagnaði því að starfsfólk við jarðvinnu og jarðlagnir ætti nú vísa leið til náms í sínu fagi og kallaði eftir frekara námi þar sem starfsmenn gætu bætt meira við sig í þekkingu og færni á þessu sviði. Þá óskaði Símon einnig eftir viðræðum í næstu kjarasamningum um hækkun launa vegna jarðlagnatæknináms þar sem um er að ræða 300 stunda nám. Símon lét það fylgja með í hálfkæringi að e.t.v. ættu þeir bara von á launaviðbótum í digrum starfslukasamningi sem svo mjög virðist í tísku þessa dagana. Það var vel tekið undir þessa hugmynd hjá Símoni.



Simon G. Ólafsson



Sigríður Ólafsdóttir

Árangursríkt námskeið hjá Eflingarfélagum í sorphirðu

Góður starfsandi forsenda árangurs - segir Sigríður Ólafsdóttir

Það var metnaður okkar og tilgangur með þessu námskeiði að gera starfsfólkið okkar hæfara, veita íbúum góða þjónustu og efla árangursrík samskipti í starfi, segir Sigríður Ólafsdóttir hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar um námskeið sem nú er ný-



Jóhann Bjarnason

Það hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að hafa jákvætt hugarfar gagnvart umhverfinu, samstarfsmönnum og viðskiptavinum okkar til þess að geta tekið betur á erfiðum málum



lokið fyrir starfsfólk í sorphirðu borgarinnar. Góður starfsandi er oftast forsenda vellíðunar og árangurs í vinnunni og skiptir mestu máli fyrir líðsældina til að vel takist til um verkefni. Mér finnst námskeiðið hafa skilað góðum árangri og mér heyrir á starfsfólkinu að það meti þetta sem mjög jákvætt framtak. Þetta er liður í símenntunaráætlun okkar og greinilegt að allt svona starf skilar sér á fullu. Fréttablað Eflingar leit við á námskeiðinu í vikunni sem því lauk og ræddi við tvo þátttakendur þá Stefán Þór Helgason og Jóhann Bjarnason. Þeir voru sammála Sigríði um að vel hefði tekist til með námskeiðið en spjall við þá fer hér á eftir.

Jóhann Bjarnason

Eflir sjálfstraust og gerir okkur hæfari

Jóhann Bjarnason er flokkstjóri og segir að námskeiðið hafi að mestu snúist um að efla samskiptahæfni og sjálfstraust þátttakenda og gera þá hæfari til að takast á við erfiðleika sem upp kæmu í vinnunni og lífinu almennt. Það hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að hafa jákvætt hugarfar gagnvart umhverfinu, samstarfsmönnum og viðskiptavinum okkar til þess að geta tekið betur á erfiðum málum. Umræðurnar hafa til dæmis sýnt mér hvernig við getum stundum farið rangt að málum og hvað má bæta. Það getur t.d. skipt töluverðu máli hvernig maður lætur skilaboð fara frá sér eða les úr skilaboðum sjálfur þannig að þau verði ekki misskilin. Ég er mjög ánægður með námskeiðið og tel að lærdómurinn sem ég hef fengið á undanförunum vikum eigi eftir að koma sér vel í náinni framtíð. Þetta er mannbætandi námskeið, sagði Jóhann að lokum.

Örvar góð samskipti og jákvæða hugsun

- segir Stefán Þór Helgason

Stefán Þór Helgason, afleysingamaður flokkstjóra var ánægður með námskeiðið. Ég var á trúnaðarmannanámskeiði hjá Eflingu um daginn, þar sem m.a. var fjallað um samskipti á vinnustöðum og mér fannst það hafa mjög góð áhrif á mig. Á þessu námskeiði er meira fjallað um hvernig má efla góð samskipti og já-

kvæða hugsun gagnvart fjölskyldunni og vinum og umhverfinu almennt, þó að það sé líka töluvert fjallað um samskiptin við vinnufélagana. Allt er þetta mjög mikilvægt bæði fyrir starfið og líf okkar. Þá hefur líka verið fjallað um rétt viðbrögð við kvörtunum og hvernig á að taka á erfiðum viðskiptavinum á uppbyggilegan hátt sagði Stefán enn fremur. Þetta er allt mjög jákvætt og hjálpar okkur bæði í starfi og eflir liðsandann, sagði hann.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar, Eflingu-stéttarfélag og Mími-endurmenntun, og styrkt af starfsmenntasjóði Eflingar og Reykjavíkurborgar. Námskeiðið stóð í alls 20 stundir og var fyrir flokksstjóra og aðstoðarmenn þeirra.



Stefán Þór Helgason



Greinilega skemmtilegt námskeið!!



Sendum félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags baráttukveðjur í tilefni af 1. maí, alþjóðlegum baráttudegi verkafólks





Nýr kostur í boði hjá Eflingu

Orlofsávísanir gefa ódýra ferðamöguleika



Ávísanirnar er hægt að nota sem greiðslu fyrir gistingu á Fosshótelum og Edduhótelum og einnig fyrir sumarferðir hjá Ferðafélagi Íslands

og Útivist. Orlofsávísunin gildi eingöngu þegar greitt er fyrir gistingu.

Af hverju er ávöxtun lífeyrissjóðanna misjöfn???

Góður árangur auglýsir sig sjálfur

- segir Bjarney Sigurðardóttir hjá Framsýn

Bjarney Sigurðardóttir er starfsmaður hjá lífeyrissjóðnum Framsýn. Hún svarar hér nokkrum spurningum fréttablaðs Eflingar

Hvernig var ávöxtun hjá ykkur á seinasta ári?

Vel tókst að ávaxta séreignarsjóðina í fyrra, við keyptum mikið að innlendum skuldabréfum og héldum okkur frá erlendum hlutabréfamörkuðum.

Við höfum séð mikið auglýsingaflóð í dagblöðunum frá lífeyrissjóðum bankanna!


Af hverju auglýsið þið ekki ykkar árangur?

Auglýsingar dagblaðanna eru dýrar og það er enginn annar en sjóðfélaginn sem borgar auglýsinguna! Okkar aðalmarkmið er að skila góðri ávöxtun til sjóðfélaganna, því meiri kostnaður því minni ávöxtun. Við auglýsum ársreikninginn einu sinni á ári, sendum sjóðfélagayfirlit tvisvar á ári og nálgumst sjóðfélagana með upplýsingum í gegnum fréttabréfin. Einnig notum við heimasíðuna okkar **www.framsyn.is** til að koma upplýsingum á framfæri og hvetjum fólk til að nota þá leið. Við teljum að góður árangur í ávöxtun auglýsi sig sjálfur.

Allir segjast vera bestir - eru sjóðir að stilla upp þannig að þeir komi best út?

Já, það er hægt að velja það tímabil sem kemur vel út hjá hverjum og einum. En ef um samanburð er að ræða þarf að bera saman sama tíma og sömu uppgjörsaðferðir.

Ef við tökum sem dæmi auglýsingu Kaupþings og setjum okkar sjóði í töflu þeirra til samanburðar þá sést árangur okkar vel. Hér er verið að bera saman séreignarsjóði á sama tíma með sömu uppgjörsaðferð.



Bjarney Sigurðardóttir

Af hverju var ávöxtun betri í séreign en sam-eign?

Það eru einkum tvær ástæður. Séreignarsjóðir gera skuldabréf upp á markaðskröfu á meðan samtryggingarsjóðir gera upp á kaupkröfu. Hins vegar var vöxtur séreignarsjóðanna mikill á seinasta ári og var því nýju fé beint í bestu fjárfestingakostina sem voru innlenda hluta- og skuldabréf. Samtryggingarsjóðurinn var hins vegar í upphafi árs með um 20% í erlendum hlutabréfum (var innan við 10% í séreign) og þrátt fyrir að nýju fé hafi verið beint á innlenda hluta- og skuldabréfamað, vóg lækkun erlendra hlutabréfa þungt.

Hvers vegna séreignarsparnaður?

Séreignarsparnaður er hagstæðasti sparnaður sem völ er á og vega þar þýngst mótframlög launagreiðenda og ríkis sem eru í raun kaupauki sem greiddur er samkvæmt lögum og kjarasamningum. Með hækkandi meðalaldrí, bættri heilsu og styttri starfsævi er ljóst að fjárhagur fólks á eftirlaunaárunum skiptir sífellt meira máli. Það er því mikilvægt að búa í hagin þannig að fólk geti notið þessara ára og þar kemur séreignarsparnaðurinn að góðum notum þar sem hægt er að fá hann greiddan út frá 60 ára aldri.

Séreignarsparnaður er skattalega hagkvæmt sparnaðarform og einnig mjög þægilegt þar sem launagreiðandinn sér um reglulegar innborganir. Hægt er að fá mjög hagstæða líftryggingu samhliða sparnaðinum.

Séreignarsjóður Framsýnar hefur traustan bakhjarl sem er Lífeyrissjóðurinn Framsýn og nýtur séreignarsjóðurinn góðs af því m.a. í formi betri kjara á verðbréfamörkuðum og skilvirks innheimtuferlis lífeyrissjóðsins.

Eru vanskil á séreignarsparnaði innheimt?

Já, Lífeyrissjóðurinn Framsýn innheimtir þau vanskil samhliða öðrum vanskilum. Almennt sinna lífeyrissjóðirnir sem eru með séreignardeildir, þessum þætti mun betur en bankar og verðbréfafyrirtæki.

Nú hefur mikið verið rætt um kaupauka forstjóra í landinu! Má þá kalla séreignarsparnaðinn „kaupauka“ hins almenna launamanns?

Já, það má segja það. Þessi kaupauki er tækifæri sem enginn ætti að missa af þar sem hann getur verið milljónavirði í framtíðinni. Það væru eflaust allir til í að taka þátt í spurn-

ingabættinum *Viltu vinna milljón?* ef þeir væru öruggir með að geta svarað öllum spurningunum. Þetta getur sá sem gerir samning um séreignarsparnað. Hann á auðvelt með að svara öllum spurningunum á samningnum og sá hinn sami getur áunnið sér milljón eða milljónir allt eftir því hversu lengi hann sparar!

Efling Trade-Union

1'st of May greeting to foreign union-members

1'st of May is an international Labour Day, a day to remind all workers of the struggle of workers all around the world. Here in Iceland this day is a national holiday. Generally the employers respect this day as a holiday. It is really an exception if employees have to work on this day. This, however, does not apply to those working in caring such as in hospitals and old people's homes, neither to those working in hotels and restaurants where employees have to work as usual.

Those who are working on 1'st of May get higher shift differential payments or overtime according to respective agreements.

The unions in Reykjavík have organised a march in the center and an outdoor meeting for the last 80 years. This year they have, as usual, planned a march and meeting in the center of Reykjavík. The march starts at 13:00 and the meeting at 14:00. After the meeting Efling invites all its members to a coffee at the Kiwanis-house at Engjateig 11.



Efling - Trade Union extends good wishes to all members on the international Labour Day.

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 545 8300 Fax 562 1853 netfang hulda@hulda.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Nýtt blóð í stjórn Eflingar

Höldum áfram að berjast

-segir Fanney Helga Friðriksdóttir



Fanney Helga Friðriksdóttir tekur sæti í stjórn Eflingar eftir næsta aðalfund. Hún starfar hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar við umönnun aldraðra sem dvelja í þjónustu-íbúðum að Norðurbrún 1. Fanney sagðist hafa gefið kost á sér í stjórnina, þegar haft var samband við hana og henni sagt að fulltrúi félagsþjónustunnar væri að hætta og það vantaði arftaka í hennar stað. En hvaða væntingar hefur hún til Eflingar og stjórnar félagsins?

Það er svo stutt síðan að stjórnarseta mín kom til tals að ég hef ekki haft mikinn tíma til að velta því almennilega fyrir mér. En svona fljótt á lítið, þá hef ég mikinn áhuga á því að viss mál sem varða heimaþjónustuna verði tekin til nánari skoðunar. Þar vil ég t.d. nefna vinnutímamál starfsmanna sem vinna á heimilum.

Fyrir nokkrum árum hafði þetta fólk fjóra klukkutíma til að ljúka þeim verkum sem það átti að sinna fyrir skjólstæðinginn. Það þurfti að skúra gólf, ryksuga og þurrka af, síðan fékk skjólstæðingurinn jafnvel að borða. Að því loknu var farið út í búð til að gera innkaup. Að auki gafst stundum smá tími til að spjalla saman.

Núna fá starfsmenn heimaþjónustunnar aðeins eina klukkustund til að vinna þessi störf. Það er auðvelt að ímynda sér hvað mikið af þessum verkum er hægt að gera á þeim tíma. Þessu vil ég láta breyta aftur í sitt gamla horf, bæði starfsmönnum og skjólstæðingum til hagsbóta að mínu viti. Svo eru ýmis önnur mál sem brenna á mér sem ég hlakka til að fá að ræða um á næstu vikum.

Ánægð með síðustu samninga

Hvaða breytingar viltu sjá í næstu kjarasamningum?

Í rauninni var ég mjög ánægð með síðustu kjarasamninga, sérstaklega hvað yngra fólkið fékk mikla launahækkun. En ég tel að það þurfi að breyta launataxtanum þannig að launahækkanir taki ekki einungis mið af lífaldri heldur einnig starfsaldri. Þannig tel ég að launakerfið verði mun réttlátara.

Þá vil ég líka sjá þær breytingar á fyrirkomulagi varðandi greiðslur fyrir kaffitíma og matartíma. Ég tel eðlilegt að notað verði sama viðmið fyrir þá sem vinna í hlutastarfi og hina sem eru fullu starfi. Núna miðast greiðslur til þeirra sem eru í fullu starfi við tímakaup í yfirvinnu, en þeir sem eru í hlutastarfi fá greitt samkvæmt tímakaupi í dagvinnu. Svo eiga sjálfsagt eitthver fleiri mál eftir að koma í ljós, sem ég mun beita mér fyrir þegar ég hef kynnst starfinu betur.

Hvaða merkingu hefur 1. maí fyrir þig?

Hann er í mínum huga fyrst og fremst tákn um nauðsyn þess að halda áfram að berjast fyrir betri kjörum verkafólks. Við þurfum að gæta þess að vera ávallt á varðbergi gagnvart samningsaðilum okkar í þeim átökum sem kjarasamningar eru nú á tímum. Annars hef ég lítið getað tekið þátt í 1. maí vegna þess að það hefur oftast hist þannig á að ég hef verið að vinna, sagði Fanney að lokum.

Fanney Helga hefur starfað í níu ár á Norðurbrún 1, hefur verið trúnaðarmaður þar í 2 ár og verður áfram næstu tvö ár. Hún er einnig í félagsliðanámi.

Smelltu á www.efling.is

Endurvekjum kraftinn og baráttuna

- segir Anna María Clausen

Anna María Clausen vinnur við framleiðslu á silikonhulsum í silikondeild hjá Össuri. Hún sagðist gefa kost á sér í stjórnina vegna hvatninga vinnufélaga sinna sem eru í Eflingu. Ég leitaði eftir álitum þeirra þegar þetta kom til tals og þeim fannst að ég ætti fullt erindi í þetta starf þannig að ég sló til, segir Anna í viðtali við Fréttablaðið. Hún er spurð um væntingar til starfsins og stjórnarinnar.

Sem trúnaðarmaður hef ég kynnst starfi félagsins lítils háttar og finnst stjórnin hafa staðið sig mjög vel í mörgum málum. Vonandi heldur það áfram.

Hvað um verkalyðsbaráttuna?

Hún hefur breyst svo gríðarlega mikið á undanförunum árum. Það er ekki langt síðan verkalyðsbaráttan snérist nær eingöngu um fleiri krónur í launaumslaginu.

Núna snýst hún meira um réttindi og skyldur. Þá hefur komið inn mjög mikilvægur þáttur sem er aukin menntun fyrir verkafólk. Með menntun gefast möguleikar á bættum starfskjörum, auknu sjálfsstrausti og meira starfsöruggi. Þetta eru mjög jákvæð áhrif sem koma inn í kjarasamningum í dag og nefni ég þar sérstaklega síðustu samninga.

Ég tel líka að það starf sem undanfarið hefur farið hefur fram af hálfu félagsins, að virkja trúnaðarmenn á vinnustöðum eigi eftir að gefa góða raun í framtíðinni. Í því efni þarf að halda áfram á þessari braut.

Lægstu launin fá verulega hækkun

Hvaða breytingar viltu sjá í næstu kjarasamningum?

Ég mun tala fyrir því að þeir sem hafa lægstu launin fá verulega hækkun til að geta lifað mannsæmandi lífi og sinnt fjölskyldum sínu betur. Það skiptir öllu máli. En til þess að það geti orðið, þarf ríkið að leggja meira fram t.d með því að lækka skatta og hækka bætur. Það er voðalegt til þess að vita að fólk sem hefur



Anna María Clausen

misst vinnuna geti ekki lifað af atvinnuleysisbótum, og þurfi að leita til hjálparstofnana um aðstoð. Þetta á ekki að líðast í þjóðfélagi, sem telst til ríkustu þjóða heims.

Hvað finnst þér um 1. maí?

Ég tek hann alltaf mjög hátíðlega og fer í kröfugöngu eða kaffi með fjölskyldunni ef ég get. Annars finnst mér, að það hafi fæst mikill doði yfir þennan dag. Það þarf að endurvekja kraftinn og baráttuna sem tengdist honum fyrir nokkrum árum, sagði Anna að lokum.

Anna María Clausen starfar hjá Össuri hf og hefur verið trúnaðarmaður þar í nokkur ár



Láttu gæði og góða reynslu
ráða vali þínu á ofnhitastillum

Danfoss ofnhitastillar fyrir þig

Danfoss er leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss hf

Skútuveg 6 Sími 510 4100
www.danfoss.is



Ingibjörg Hafstað ásamt nemendum í nýrri kennslustofu í húsakynnum Granda í Norðurgarði

Starfsmenn hjá Granda læra íslensku

Frábært framlag

- segir Ingibjörg Hafstað

Í september á síðasta ári gerði Grandi, samning við Fjölmenningu ehf., um kennslu fyrir erlenda og innlenda starfsmenn fyrir-tækisins. Fjölmennning sér um starfstengda ís-



Ísleifur Árnason

lenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn Granda, þvermenningarleg færniámskeið fyrir alla starfsmenn og sértækt færniámskeið fyrir verkstjóra. Kennslan fór fram á sjö mán-aða tímabili og hófst í október síðastliðnum. Kennt var fyrir hádegi í vinnutíma starfsfólks-ins. Að þessu tilefni létu forsvarsmenn Granda útbúa kennslustofu með fullkomnum kennslu-búnaði í húsakynnum fyrirtækisins.

Ingibjörg Hafstað hjá Fjölmenningu segir að fyrirkomulag kennslunnar hafi tekist vonum framar og að árangurinn sé mjög ánægjulegur. Grunnurinn að kennsluefninu er námsefni sem við gerðum sérstaklega fyrir erlent fiskvinnslu-fólk og var styrkt af Starfsafl, starfsmennta-sjóði Eflingar og SA ásamt Landsmennt sem er starfsmenntasjóður verkafólks af lands-byggðinni. Búið er að kynna námsefnið víða á Flóasvæðinu og um allt land.

Í desember 2001 kenndi ég tveim hópum starfsmanna Granda íslensku. Kennslan fór m.a. þannig fram að við gengum um vinnslu-sali í Norðurgarði og æfðum málið með því að tala um það sem fyrir augu bar.

Vorið eftir var gerður nýr fjölþættari samn-ingur um kennslu fyrir starfsmenn. Við bætt-ust nú þvermenningarlegt námskeið sem allir starfsmenn tóku þátt í og fjallaði um menningu þjóða af ólíkum uppruna. Tilgangurinn er m.a. að minnka spennu sem oft myndast í samskipt-um fólks á fjölþjóðlegum vinnustöðum.

Núna erum við að kenna fiskvinnslunám-skeið fyrir erlenda starfsmenn sem við höfum aðlagð að íslenskukunnáttu þeirra. Þriðja námskeiðið er fyrir verkstjóra og er ætlað að auðvelda þeim samskiptin við erlendu starfs-mennina. Svo má ekki gleyma því að nokkrir starfsmenn reyndust vera ólæsir þegar að nám-skeiðin fóru af stað. Ég hef fengið sérstakan tíma til að kenna þeim að lesa.

Forsvarsmenn Granda hafa staðið mjög vel að þessu verkefninu. Kemur sérútbúin kennslustofa með fullkomnum tækjabúnaði sér þar vel.

Flestir tala talsverða íslensku núna

- segir Ísleifur Árnason, verkstjóri sem hefur unnið hjá Granda í 7 ár. Hann segir að starfs-menn í fiskvinnslunni væru sennilega frá fjórt-án þjóðlöndum, en samt hefðu samskiptin gengið ótrúlega vel. Við höfum notast mikið við ensku, en eftir að íslenskukennslan hófst í haust hafa orðið ótrúleg umskipti og flestir er-lendu starfsmennirnir tala talsverða íslensku núna og sumir bara nokkuð vel. Ég er heldur ekki frá því að samskipti íslendinganna við er-lenda starfsmenn hefur aukist eftir að þessi kennsla hófst. Eftir að við fórum á námskeið-

ið, þar sem fjallað var um ólíka menningu okkar og þeirra. Þá gátum við rætt saman og leyst úr misskilningi ef hann var til staðar.

Hann sagði ennfremur, að erlendir starfsmenn séu um helmingur af mannskap í vinnslunni og að það hefði verið nokkuð flókið að skipuleggja námið, þannig að það kæmi sem minnst niður á framleiðslunni. En með góðri samvinnu við Ingibjörgu, hefði það tekist.

Við vinnum á tvennskonar vöktum, dagvakt og næturvakt. Nemendum var skipt í fjóra hópa, eftir því hvað þeir kunna mikið í íslensku og frá hvaða málavæði þeir koma og hver hópur fékk eina klukkustund í kennslu. Þannig gekk þetta fyrir sig fram að hádegi alla virka daga meðan að námskeiðið stóð yfir.

Fljótlega hefst námskeið fyrir verkstjórana þar sem kennt er að koma skilaboðum til útlendinga á einfaldri íslensku. Þá hettum við að nota ensku, segir Ísleifur að lokum.

Íslenskukennslan komið sér vel

- segir **Ristic Zdravko**, er frá Serbíu og hefur unnið hjá Granda síðan hann kom til landsins fyrir rúmu ári. Hann er að læra að gera við Baader vélarnar sem eru notaðar við fiskvinnsluna og sagði að íslenskukennslan hefði komið sér vel. Ég er búinn að fara í 70 tíma og er mjög ánægður með hvernig námsefnið er uppbyggt og framkvæmt af hálfu kennarans.



Ristic Zdravko

Það er ekki nokkur vafi á því að ég hef meiri samskipti við samstarfsfólk mitt, eftir að ég byrjaði í íslenskunáminu og ég er alveg til í að læra meira í íslensku, sagði Ristic að lokum.

Vertu á verði

Í verslunum eiga allar vörur að vera verðmerktar, hvort sem þær eru inni í verslun eða í búðarglugga.

Hjá þjónustufyrirtækjum eiga verðskrár að liggja frammi á áberandi stað.

SAMKEPPNISSTOFNUN





Dögg Theódórsdóttir

Allir bjóða góðan daginn

- segir Dögg Theódórsdóttir sem hefur unnið við gæðaeftirlit hjá Granda í 20 ár. Hún segir að sér líki bara vel að vinna á fjölþjóðlegum vinnustað. En Íslendingarnir mættu vera fleiri. Konunum, sem hafa unnið hér í gegnum árin, er alltaf að fækka.

Dögg segir ennfremur að hún hafi tekið þátt í námskeiðinu um ólíka menningu starfsmanna sem hafi verið afskaplega gagnlegt. Við ræddum m.a. um viðhorf sem valdið geta misskilningi í samskiptum fólks af ólíku þjóðerni og hvernig hægt væri að forðast slíkt með meiri þekkingu og tillitsemi við náungann. Íslenskunámskeiðin hafa líka reynst mjög vel og nú eru allir farnir að bjóða góðan daginn á íslensku þegar að starfsmenn mæta í vinnuna.

Fjör og fagrar stjörnur á Broadway

Það fór í ár eins og alltaf áður að eldri félagsmenn fjölmenntu í kaffisamsætið sem félagið heldur þeim árlega. Að þessu sinni var kaffibóðið haldið þann 16. mars s.l. á Broadway og má segja að þessi helgi í marsmánuði sé orðin nokkuð föst í sessi fyrir þetta ágæta samkvæmi. Það var mikið fjör og mikið gaman þegar gamlar stjörnur geisluðu því skærasta sem þær áttu við endurfundi í troðfullum sal Breiðvangs í Reykjavík.

Um ellefuhundruð félagar og gestir þeirra mættu að þessu sinni og stöðugt fjölgar í þeim hópi sem á þess kost að sækja samkvæmið.

Eins og áður gekk allt eins og í sögu þótt þröngt væri á þingi um stund á meðan fólk var að finna sér sæti og koma sér fyrir. Vandað var til dagskrárinnar og fengu þeir sem komu fram með ræður, söng og grín góðar viðtökur.

Guðmundur Þ Jónsson setti samkomuna og stjórnaði henni og fórst vel. Sigurður Bessason formaður Eflingar flutti ávarp og fjallaði um þátt þessa hóps sem þarna var mættur í uppbyggingu félagsins og forvera þess og hreyfingarinnar í heild.

Sigrún Hjálmtýrsdóttir, Diddú söng, geislandi af fegurð og gleði, m.a. Hamraborgina eftir Sigvalda Kaldalóns við kvæði Davíðs Stefánssonar og ekki var að spyrja að viðtökunum. Því næst mættu þeir feðgar Árni Tryggvason og Örn Árnason til leiks og mátti ekki milli sjá hvor þeirra naut meiri hylli viðstaddra.

Síðast en ekki síst ber að geta þess að ný hljómsveit var komin til liðs við okkur og kem-

ur hún í stað Hljómsveitarinnar Kjarna sem lengi annaðist hljóðfærslátt á skemmtunum okkar og er þeim þakkað samstarfið. Hin nýja hljómsveit heitir Bræðrabandið og hana skipa þeir Ingólfur Steinsson og Lárus Grímsson.

Að lokum skal starfsfólki Broadway þakkað fyrir þeirra hlut enda vel að öllu staðið af þeirra hálfu.

Reitur Eflingar í Heiðmörk

Gróðursetning 24. maí

Efling-stéttarfélag hefur undanfarin ár skipulagt gróðursetningar í reit félagsins í Heiðmörk. Á falllegum stað í Heiðmörk fóstrar Efling unaðsreit sem nú hefur verið plantað í nokkur hundruð plöntum síðastliðin þrjú ár.

Þátttaka í þessari samveru hefur aukist ár frá ári og vonumst við til að svo verði áfram.

Nú stefnum við á að vera í Heiðmörk 24. maí kl 10.00-14:00 við plöntun og snyrtingu svæðisins og vonumst til að sjá áhugasama félagsmenn koma og vera með í þessari skemmtilegu útivistarstund.

Í hádeginu er boðið upp á hressingu en plöntur og verkfæri eru á staðnum.

Þá er bara að taka 24. maí frá og muna eftir góðum vinnugalla og koma með léttu skapið og vogleði í sinni.

Vorboði í Vesturbænum

Gróðurinn fær nýtt tækifæri

- segir Pálmi Kárasón, starfsmaður hjá Skrudgördum

Lóan er komin að kveða burt snjóinn, segir í ljóði um vorboðan okkar ljúfa. Hver kannast ekki við þá gleði sem fyllir hugann við að heyra fyrstu fréttir í útvarpinu, um að sést hafi til lóunnar á einhverju útnesi á suðaustur horni landsins. En það er fleira en lóan sem minnir á að vorið er komið.

Starfsmenn Skrudgarða Reykjavíkur hafa



Pálmi við störf hjá skrudgördum Reykjavíkur



Pálmi Kárasón

verið önnur kafnir við að snyrta tré á opnum leiksvæðum í borginni að undanfögnu. Pálmi Kárasón er í þeim hópi. Hann var að saga ofan af hávöxnum víði, þar sem heimildarmaður blaðsins rakst á hann á opnu svæði í Vesturbænum. Aðspurður af hverju hann tæki svona mikið af trjánum, sagði hann að þau væru bæði orðin úr sér sprottin og fúin og nú væri kominn tími til að gefa þeim tækifæri til að vaxa upp aftur. Það er dálítill pressa á okkur núna og ekki sakaði að hafa betra veður, en rigningin er svo sem ágæt, sagði Pálmi að lokum.

Námskeið Vinnueftirlitsins

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Fyrir öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði, trúnaðarmenn o.fl. — 2 eða 3 dagar.	Stjórn byggingakrana – Réttindanámskeið — 3 dagar.
Fyrir verkstjóra, deildarstjóra og aðra stjórnendur — 2 eða 3 dagar.	Námskeið um meðferð sprengiefna – Réttindanámskeið — 5 dagar.
Sérnámskeið að ósk þátttakenda — 1/2 eða 1 dagur.	Um flutning á hættulegum farmi - Grunnnámskeið – Réttindanámskeið fyrir bílstjóra — 3 dagar.
Vinnustaðafundir eða fyrirlestrar — 1-2 klst.	Viðbótarnámskeið við grunnnámskeið um flutning á hættulegum farmi - Réttindanámskeið: - Um flutning í tönkum — 2 dagar. - Um flutning á sprengifimum farmi — 1 dagur. - Um flutning á geislavirkum farmi — 1 dagur.
Um stjórn og meðferð lyftara og minni vinnuvéla – Réttindanámskeið — 2 dagar.	

Leitið nánari upplýsinga um námskeiðin
hjá Vinnueftirlitinu, á heimasíðunni
eða í síma 550 4600.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík
Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlit.is



Úr Kolbeinsdal

Sumarferð í Skagafjörð

Norðurlandið heillar - sagan á hverju strái

Ferð Eflingar-stéttarfélags um norðurland verður í Skagafjörð. Gert er ráð fyrir skemmtilegum ferðum út frá Sauðárkróki. Annan daginn er fyrirhugað að bjóða upp á ferð út í Drangey og getur þá hluti hópsins sem ekki treystir sér í eyna farið í ferð t.d. að Hólum og Flugumýri. En hinn ferðadaginn er ráðgert að koma við á Vesturfararsetrinu á Hofsósi. Síðan er haldið áfram í Siglufjörð þar sem síldarsafnið er skoðað og fleira sem er áhugavert á svæðinu.

Gist er á Hótel Áningu í 2 manna herbergjum með baði og 3-4 manna herbergjum án baðs.

Verð á mann í tveggja manna herbergi með baði er kr. 17.000.-

Verð á mann í 3-4 manna herbergi er kr.13.000.-

Greitt er sér fyrir siglingu í Drangey áætlað verð:

Innritun hjá Hildi og Huldu síma 5107500

Frábærir leiðsögumenn sem félagsmenn þekkja úr fyrri ferðum verða þær Anna Soffía og Ingibjörg.



4 félagsmenn Eflingar hjá Leikskólum Reykjavíkur munu heimsækja Glasgow

Félagsmenn á leið til útlanda

Eflingarfélagar í kynnisferðir

Efling-stéttarfélag sótti nú í janúar um styrki til náms og kynnisferða fyrir félagsmenn sína í annað sinn og fékk úthlutað styrk fyrir 17 fé-

lagsmenn að þessu sinni en á síðasta ári fékk félagið styrk til að senda 12 félagsmenn í þessar náms- og kynnisferðir. Þau fyrirtæki sem munu senda starfsmenn í þessari lotu eru Fönn, Grýta, Hrafnista, Landspítali - háskólasjúkrahús, Skeljungur, Leikskólar Reykjavíkur, Skógarbær og Vélamiðstöð Reykjavíkur.

Ferðirnar, sem taka eina viku, eru hugsaðar til þess að Eflingarfélagar geti kynnt sér fyrirtæki og stofnanir erlendis sem eru með svipaða starfsemi. Með þessum heimsóknum á starfsmaður því kost á að kynna sér það nýjasta í viðkomandi starfsgrein, hvort sem það snýr beint að framleiðslu, þjónustunni eða starfsmenntamálum og öryggis- og vinnuumhverfismálum svo eitthvað sé nefnt. Með styrknum er greitt fyrir ferðir og lágmarksuppihald en til viðbótar geta Eflingarfélagar sótt um ferðastyrki í starfsmenntasjóði sem félagið á aðild að. Reiknað er með því að framlag atvinnurekanda sé launakostnaður á meðan á ferð stendur.

Næsti umsóknarfrestur er í haust og hvetjum við Eflingarfélagar og fyrirtæki að kynna sér möguleikana á að vera með í þeirri umsókn. Nánari upplýsingar veitir Garðar Vilhjálmsson á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða með tölvupósti gardar@efling.is.

Efling með nýju Norrænu

Nú í vor halda ferðalangar á vegum Eflingar-stéttarfélags til Skotlands og Hjaltlands og síðan heim með nýju Norrænu. Áður hefur Efling eða félagar í Sókn ferðast með gömlu Norrænu í tveimur ferðum. Það verður spennandi að fá að vita hvernig hin nýja ferja er og hvað hefur breyst. Nýja skipið er t.d 36.000 brúttótonn en eldra skipið var 12.000 brúttótonn. Lengd nýja skipsins er 164 metrar en var 129 metrar. Þá hefur farþegarýmum fjölgað um rúmlega 400, mest í fjögurra manna klefum.

Mikill munur er á staðsetningu farþegaklefs en þeir liggja aðallega út við hliðar skipsins en verslanir og þjónusta er inn við miðju. Verslunarsvæðið verður þrefaldað og boðið er upp á nýjungar eins og líkamsrækt með sól og gufubaði auk sundlaugar. Þá eru veitingastaðir fleiri og fjölbreyttari, dansstaður er um borð og barir.

Skipið hefur nú þegar verið sjóprófað og er að sögn rekstraraðila mjög gott sjóskip. Líkan



Norræna

af skipinu var sjóprófað og fékk það mjög góða einkunn eða 1.8 sem er einkunn sem aðeins fá skip fá.

Skipið tekur þrisvar sinnum meira af vörufarmi en eldra skipið og þrisvar sinnum fleiri bíla. Við sjáum því fyrir okkur að Eflingarfélagar verði í góðum höndum um borð í nýju Norrænu og munu njóta þess að vera með þeim fyrstu að skoða og kynnast nýja skipinu.

Örfá sæti eru laus vegna forfalla.



Efling með ungu fólki í MS

Margir þekkja ekki rétt sinn

Sigurlaug skýrir málin fyrir ungu fólki í MS



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda,
Bífhjólapróf og
almennt ökupróf (B.réttindi).

**Einnig kennsla fyrir ensku
og tailenskumælandi fólk !**

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópþjálfun
og vörubílfreið með eftirvagn.

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga !

Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk.mjodd@simnet.is

Nú á vormisseri var Eflingu-stéttarfélagi boðið í heimsókn í Menntaskólann við Sund til að ræða við fyrstu þekkingu í lífsleiknitímum. Í viðræðum við krakkana kom í ljós að mjög margir þekkja ekki rétt sinn og vinna án ráðningarsamninga og eftir óreglulegum vinnutíma sem atvinnurekandinn ákveður einhliða. Þetta er fjölmennur árgangur í MS og var fundað með krökkum í 10 þekkjum við góðar undirtektir.

Starfsmenn Eflingar-stéttarfélags, þau Garðar, Hjördís, Sigurlaug og Þórunn skiptu liði og heimsóttu þekkingu á nokkrum dögum. Farið var yfir hvernig vinnumarkaðurinn er samsettur, hver eru helstu lög og reglur og hvernig kjarasamningur er uppbyggður.

Eftir fyrirlestur um helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði voru almennar umræður um reynslu unga fólksins af vinnumarkaðnum og helstu vandamálin sem koma upp. Mjög algengt er að unga fólk þekki ekki og kanni ekki rétt sinn og gefist upp áður en mál sem upp koma eru til lykta leidd. Stór hluti þessara unglunga er að vinna með skóla og verða þau oft að hlíta því að vinna óreglulega og án þess að fá ráðningarsamning þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur.

Það er því afar mikilvægt að koma upplýsingum á framfæri til unga fólksins því fyrsta reynsla af vinnu getur haft varanleg áhrif á starfsmanninn en Eflingu-stéttarfélag undirbýr nú gerð bæklinga fyrir ungt fólk á vinnumarkaði.

Við hjá Eflingu þökkum MS samstarfið á þessu sviði.



Sjúkrasjóður breytir áherslum

Meiri endurhæfing og heilsuefning

Hjá lífeyrissjóðnum Framsýn hefur orðið sífelld aukning á örorkulífeyrisþegum. Er svo komið að nær 30% lífeyrisþega í sjóðnum eru örorkulífeyrisþegar og er sjóðurinn með næst mestan fjölda örorkulífeyrisþega af öllum lífeyrissjóðum landsins.

Þessi fjöldi örorkulífeyrisþega veldur að sjálfsgöðu áhyggjum enda getur aukning örorkulífeyrisþega haft neikvæð áhrif á afkomu þeirra sem koma til með að fá eftirlaun úr sjóðnum í framtíðinni. Til að sporna við þessu hafa sjúkrasjóðir félagsins lagt æ ríkari áherslu á heilsuefningu og endurhæfingu sjóðfélaga sinna.

Um síðustu áramót voru styrkir til heilsuefningar og endurhæfingar hækkaðir verulega hjá sjúkrasjóðum félagsins eða um 12 — 16% eftir tegundum. Jafnframt var ákveðið að fjölga möguleikum félagsmanna til styrkja vegna heilsuefningar því auk hefðbundinna styrkja vegna líkamsræktar og sundiðkunar var ákveðið að bæta við annarri “hollri hreyfingu” svo sem ýmiss konar íþróttaiðkun og annarri heyl-

susamlegri hreyfingu. Með þessum hækkunum og útvíkun styrktegunda eru sjóðir félagsins að stuðla að auknu heilbrigði sjóðfélaga sinna. Jafnframt hækkan á styrkjum, er verið að kanna möguleika á að Sjúkrasjóður styrki sjóðfélaga sem misst hafa starfsgetu til fyrri starfa til endurhæfingar aftur á vinnumarkað og er horft til svokallaðs Janusar-verkefnis með þetta í huga.

„Janus endurhæfing“ hefur undanfarin misseri unnið að endurhæfingu örorkulífeyrisþega í samvinnu við nokkra lífeyrissjóði, Tryggingastofnun og Félagsþjónustuna í Reykjavík. Hefur verkefnið gefið góða raun og margir sem ella hefðu orðið öryrkjar til lífstíðar við þröngan fjárhag þannig komist aftur til starfa á vinnumarkaði. Endurhæfing Janusar felst bæði í líkamlegri endurhæfingu sem og endurmenntun til nýrra starfa á vinnumarkaði og verður spennandi að sjá hvernig Sjúkrasjóðnum tekst í samvinnu við Janus, að ná að grípa inn í áður en viðkomandi dæmist til lífstíðar örorku.

Verkefnið hefur gefið góða raun og margir sem ella hefðu orðið öryrkjar til lífstíðar við þröngan fjárhag þannig komist aftur til starfa á vinnumarkaðnum



Andlegt álag og fjárhagsvandi leiðir til veikinda

Orsökinn streita og óhæfir yfirmenn

Yfirmenn sem ekki koma skýrum skilaboðum á framfæri við fólk, hvorki örva starfsfélaga sína né leysa vanda á vinnustað eru líklegir til að virka hamlandi á afköst og starfsanda. Það er grundvallaratriði að starfsmönnum líði vel í vinnunni og þá skiptir miklu að yfirmenn séu starfi sínu vaxnir. Þetta er meginniðurstaða könnunar sem stéttarfélag iðnverkafélks í Halland í Svíþjóð hefur gert meðal félagsmanna sinna. Fréttablað Eflingar gluggaði í grein í Dagens Arbete á dögunum um þessa forvitnilegu könnun.

Það eru yfirmenn á vinnustað sem eiga að taka á hlutum og leysa mál áður en þau verða að vandamálum og valda þá andlegum átökum milli starfsfólks, stressi og vanlíðan. Afleiðingin til lengri tíma er heilsubrestur meðal starfsmanna og verri afköst.

Það á að vera hlutverk góðs stjórnanda að hafa púlsinn á starfsfólki



Margir yfirmenn telja að jólagjafir til starfsmanna og stöku klapp á öxlina sé allt sem þarf en svo er alls ekki. Það á að vera hlutverk góðs stjórnanda að hafa púlsinn á starfsfólki, gera sér grein fyrir því þegar vandamál eru í uppbyggingu og leiða starfsfólkið sem eina heild í sinni vinnu. Í fyrrnefndri könnun kom fram að aðeins um 10% starfsmanna töldu að yfirmaður væri fullfær um að sinna sínu starfi með fullnægjandi hætti.

Margar niðurstöður eru sláandi í þessari rannsókn. Af þeim sem lentu í könnunartaki í 17 fyrirtækjum, svöruðu 85% að þeir færu í vinnuna þó þeim líði illa. Flestir gáfu upp ástæður sem tengdust andlegri líðan eða vanda vegna fjárhagslegrar stöðu. Aðeins 8% svöruðu því til að vanlíðan stafaði af líkamlegum orsökum.

Þetta leiðir hugann að því hvernig þetta er hér á landi. Verðugt viðfangsefni fyrir rannsóknir á íslenskum vinnustöðum. Hvernig skyldi þetta vera á vinnustöðum Eflingarfélaga?

Lauslega þýtt úr d.a. 11/2002



Frá undirritun þjónustusamningsins þann 2. apríl s.l.

ASÍ og SA stofna Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Stórátak í fræðslumálum

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ákveðið að standa að auknu framboði á almennri menntun, starfsmenntun og framhaldsmenntun fyrir starfsfólk á vinnu-

markaði sem hefur takmarkaða skólagöngu að baki. Einnig verður áhersla lögð á menntun fyrir nýbúa ásamt því að vinna að öðrum samþættingum starfsmenntaverkefnum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er m.a. ætlað að koma á því sem kallað hefur verið „annað tækifæri“ til náms fyrir alla þá sem hættu snemma í skóla og hafa enn ekki talið sér fært að fara aftur í nám. Fræðslumiðstöðin mun verða samstarfsvettvangur og miðstöð fyrir undirbúning, kennslufræðivinnu, námsefnisgerð, fyrirgreiðslu og aðstoð við fræðsluaðila og aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir og fræðslusjóði á vinnumarkaðinum.

Þá mun verða unnið að því á vettvangi Fræðslumiðstöðvarinnar að meta óformlegt nám og starfsreynslu til jafns við hefðbundin nám. Þannig gætu Eflingarfélagsar sem hafa langa starfsreynslu og sérstaka þekkingu á ákveðnu sviði eða hafa sótt ýmis námskeið mögulega geta fengið þetta nýtt til áframhaldandi náms.

Skrifað var undir þjónustusamning við Menntamálaráðuneytið um starfseminna þann 2. apríl s.l. en miðstöðinni verða tryggðar 60 milljónir króna á ári til starfseminnar. Efling - stéttarfélag mun taka virkan þátt í þessari nýju miðstöð símenntunar og fræðslu og bindur miklar vonir við hana fyrir hönd sinna félagsmanna.

Námskeið í 25 ár

Umönnunarnámskeið með lengsta sögu

Umönnunarnámskeiðinu Fagnámskeiði II var slitið í mars og voru námsmenn 36 frá fjölda stofnanna og sambýla. Mikil þátttaka var eins og verið hefur í mörg undanfarin ár.

Þátttakendur koma frá öldrunarstofnunum, langlegudeildum, geðdeildum, sambýlum og endurhæfingarheimilum. Starfsmenn í umönnunarstörfum eru að vinna við mjög mismunandi aðstæður þar sem miklar kröfur eru gerðar til þeirra og reynir mikið á samskipti og færni þessara starfsmanna.

Mjög mikilvægt er því að kennslan og kennsluefnið höfði beint til þeirra svo náms efnið nýtist sem best í því að auka færni og einnig að læra t.d. líkamsbeytingu sem forvörn. Margt er kennt á þessum námskeiðum til að víkka þekkingu á sviði umönnunar og í mannlegum samskiptum á vinnustað. Nú í haust eru liðin 25 ár frá því fyrsti umönnunarhópurinn útskrifaðist og munum við leita að einstaklingum úr þeim hópi fyrir Fréttablað Eflingar til að sjá hvað þessir einstaklingar eru að gera í dag.





Vinningshafinn í krossgátu síðasta blaðs er Guðleifur Axelsson, starfsmaður Malbikunarsöðvarinnar Höfða

Lausn síðustu krossgátu



VINNUMIÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.



Minningarorð um heiðursfélaga

Andrés Guðbrandsson

Andrés Guðbrandsson var fæddur að Hrafnkelsstöðum í Hraunhreppi á Mýrum 19. desember 1916. Látinn 15. mars síðastliðinn.

Heiðursfélaga Dagsbrúnar Andrési Guðbrandssyni var fylgt til foldar frá Laugarneskirkju 27. mars síðast liðinn að viðstöddu fjölmenni.

Andrés gekk í Dagsbrún 1954 þá starfsmaður í Mjólkursamsölunni þar sem hann var trúnaðarmaður í 30 ár.

Andrés var þá enginn byrjandi í störfum sínum fyrir verkalyðhreyfinguna því hann hafði áður verið trúnaðarmaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar á togurum í 12 ár.

Andrés átti sæti í Trúnaðarráði Dagsbrúnar í áratugi, var í stjórn Dagsbrúnar 1966 til 1978 og gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Andrés var kjörinn heiðursfélagi 1986. Hann var hugsjónamaður sem aldrei taldi eftir tíma né vinnu í þágu þess málstaðar sem hann trúði á, betra líf fyrir íslenskt verkafólk.

Andrés var gáfumaður í einkalífi sínu og átti samhenta og trausta fjölskyldu. Við í Eflingustéttarfélagi vottum fjölskyldunni samúð okkar og kveðjum okkar gamla, góða félaga með virðingu og þakklæti.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



ALUX

ÖÐRUVÍSI EN ANNÐ!

gorenje

Taktu áskoruninni. Nú er tími kominn til að innleiða álið í eldhúsið.

Ál áferðin endurspeglar hreinleika tækjanna og tæknileg

fullkomin Gorenje gerir tækin auðveld í notkun.

Alux tækin frá Gorenje veita þér margfalda ánægju.

RÖNNING

70
1933-2003

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími 460 0800



ÞAÐ ER EKKERT ERFITT AÐ FÁ SÉR SKODA

Nýttu þér rekstrarleigu til að komast á nettan Fabia
eða glæsilegan Octavia fyrir lága mánaðarlega greiðslu

Skoda Octavia

Staðalbúnaður: 102 hestafli 1,6 lítra vél, 528 lítra farangursrymi stækkanlegt í 1,328 lítra, ABS, hemla-læsivörn, spólvörn (ASR), 4 líknarbelgir, aksturstólva, samlæsingar, tvöföld styrking í hurðum og hvalbak, hæðerstíllanlegt bílstjóra- og farþegasæti fram í og útvarp með geislaspilara. Fáanlegur með sjálfskiptingu og ýmsum aukabúnaði.

Skoda Octavia kostar frá 1.635 þús.

Skoda Fabia

Staðalbúnaður: 68 hestafli 1,4 lítra vél, 260 lítra farangursrymi stækkanlegt í 1,016 lítra, ABS, hemla-læsivörn, samlæsingar, 4 líknarbelgir, þreföld styrking í hurðum og hvalbak, hraða- og rafeindastýrt stýri og útvarp með geislaspilara. Fáanlegur með ýmsum aukabúnaði.

Skoda Fabia kostar frá 1.250 þús.



FRÁ **28.260** kr.
Á MÁNUÐI Í ÞRÍU ÁR

FRÁ **22.995** kr.
Á MÁNUÐI Í ÞRÍU ÁR

Innifalið í rekstrarleigu:
20.000 km akstur á ári, þjónustuskoðanir og smurþjónusta.
Rekstrarleiga er háð gengi gjaldmiðla og getur því breyst án fyrirvara.

